

Hestamannafélagið Kjóavöllum

5. fundur haldin í félagsheimili Andvara að Hattarvöllum 1. 18. sept. 2012 kl.17:00

Mætt til fundarinnar voru: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Þorvaldur Sigurðsson, Guðmundur Hagalínsson, Ingibjörg G. Geirsdóttir, Hermann I. Vilmundarson og Halldór H. Halldórsson.

Farið yfir greinagerð Guðna Eiríkssonar dags. 18. sept.:

A) Útisvæðið.

Loftorka er búin að vinna fyrir ca. 26 m.kr. sem er um 30% verksins, dregið hefur úr framkvæmdahraða vegna rigninga undanfarið. Að mestu er búin að fylla í botn skeifunnar, en talsvert er eftir að forma á áhorfendasvæðum. Staðan á málum varðandi sprunguna og drienið af Kjóavöllum hamlar framkvæmdum þannig að ekki sér fyrir endann á því hvort hún muni virka eða ekki, fundur vegna þessa verður nk. mánudag með bæjarverkfræðingum sveitarfélaganna. Tilnefndir frá HK eru SS. og ÞS. Hönnun svæðisins er að mestu lokið, en eftir er að ganga frá frárennislögnum þar sem svæðið hefur verið í mótun fram til þessa. Fara þarf betur yfir lýsingarmálin. Hjá Landformi verður gerð tillaga að lækun götu við austurenda svæðisins til að bæta aðkomu að svæðinu, sú tillaga þarf að fara fyrir Kópavogsbæ til samþykktar. Teikningar af svæðinu verða sendar slökkviliði (sjúkraflutningaaðila) og lögreglu til skoðunar.

B) Reiðskemma.

Útboð er í gangi og verður tekið á móti tilboðum 28. sept. kl. 11:00. Ekki verður opnað á tilboðsverð fyrr en eftir mat á tilboðum í byrjun okt. HK tilnefnir Guðjón Árnason og Hermann Vilmundarson til aðstoðar Guðna Eiríkssyni við mat á tilboðum. Einnig þarf að skoða og meta skipulag og notagildi loftræstingu, rafmagns, burðarþols, hljóðvistar, brunahönnunar og fleiri kerfa. Einnig hvernig það falli að þörfum og notagildi reiðskemmunar og þeim væntingum sem gerðar eru. Í framhaldi af þessum skoðunum verða verðtilboð opnuð. 7 aðilar fengu útboðsgögn og er reiknað með tilboðum frá þeim öllum. Áhugi er hjá Guðna að skoða áhorfendapalla í Kópavogi og víðar, eitt tilboð liggur fyrir í áhorendapalla um 32 m.kr. áætl. kostn. við steypa stúku er um 39 m.kr. HV og GH ræða við Ómar Stefánsson vegna þessa og HH við Ingvar Sverrisson.

GH gerði grein fyrir fjárhagsstöðu félagsins, lagðar hafa verið til félagsins 25,5 m.kr. frá Gusti, ekkert hefur fengist enn frá Garðabæ og tölvupóstum ekki svarað. Greiddir hafa verið tveir reikn. til Loftorku u.þ.b. 12. m.kr. hvor. Verkís 2,3 m.kr. Sveinn Ívarss um 2 m.kr. Þá hafa borist reikn. frá Landformi um 1,2 m.kr og frá VSÍ Verkhönnun sem ekki er vitað er fyrir hvað. Hluti reikninga Verkís er vegna sprungunnar eða 411 þús.kr. og eitthvað af reikn. Loftorku er vegna hennar. Fá þarf á hreint frá sveitarfélagunum greiðslu kostnaðar vegna sprungunnar sem og kostnaðar vegna útfærslu deiliskipulagsvinnu, SS og ÞS ræða það á fundinum nk. mánudag. ÞS ræðir við Guðjón Erling um efndir Garðabæjar vegna samnings um sameiningu félaganna.

Formenn Gust og Andvara lista upp eignir félaganna og ganga í að afsala þeim til HK. Rætt að samningur Gusts og Kópavogsbæjar um afsal eigna á Glæðheimasvæðinu fari til skoðunar hjá löfr. áður en til afsals kemur, þarf þó að gerast fljótt.

Skóðaðar voru framkomnar hugmyndir frá Landformi um yfirbyggða stúku í stað bílastæða á mön milli keppnisvalla í skeifunni.

Ákveðið að aðalfundur HK verði þriðjudaginn 13. nóv. nk. ath. með sal í Kórnum, brýnt að skipuleggja vel form fundarins. Andvara- og Gustsfélagar eru sjálfkrafa stofnfélagar í HK aðrir geta gerst stofnfélagar á aðalfundinum.

Fleira ekki á dagsskrá, fundarlok kl. 18:30

Fundaritun

Halldór H. Halldórsson